

- c. Hámarksfjöldi nagla má vera sem hér segir:
110 fyrir felgustærð til og með 15"
150 fyrir felgustærð yfir 15". Naglarnir mega þó vera allt að 200 ef útfærsla og ísetning þeirra er í samræmi við ákvæði sem gilda um hjólbarða sem ætlaðir eru undir torfærubifreið (jeppa) eða sendibifreið.
- d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 5,2 g.
- e. Hámarks stöðukraftur nagla má við 20 °C (± 4 °C) mestur vera 400 N.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um hjólbarða sem teknir verða í notkun frá 1. september 1995, nema negling hafi átt sér stað fyrir 1. maí 1995. Til þess tíma gilda ákvæði reglugerðar nr. 411/1993.

Heimilt er nú þegar að negla hjólbarða samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja
sem flytja tiltekinn hættulegan farm.**

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

ADR-samningurinn: Evrópusamningur um millilandaflutninga á vegum á hættulegum farmi (ADR) sem gerður var í Genf 30. september 1957.

Flutningar á vegum: Allur akstur ökutækis til flutninga með hættulegan farm á vegum opnum fyrir almennri umferð.

Hættulegur farmur: Varningur sem inniheldur hættulegt efni sem um getur í ADR-samningnum.

Vottorð um starfsþjálfun: Vottorðið sem kveðið er á um í viðbæti B. 6 við ADR-samninginn.

Bráðabirgðavottorð um starfsþjálfun: Vottorð sem kveðið er á um í viðbæti B. 6 við ADR-samninginn og gildir eingöngu fyrir flutninga innanlands.

Gildissvið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um starfsþjálfunarvottorð til handa öikumönnum sem annast innanlands- og millilandaflutninga með hættulegan farm á vegum með:

- a. ökutækjum með leyfða heildarþyngd meiri en 3500 kg og ef flutt er meira magn hættulegs farms en fram kemur í viðauka I. Ef um sprengiefni eða sprengifima hluti er að ræða gildir ákvæðið einnig þótt leyfð heildarþyngd ökutækis sé 3500 kg eða minni,
- b. tankbifreiðum eða flutningseiningum sem samanstanda af tönkum eða fargeymum með meira en 3000 lítra rými og/eða yfir 3500 kg leyfðri heildarþyngd. Þetta gildir bæði þegar bifreiðirnar eða flutningseiningarnar flytja hættulegan farm og þegar bíúi er að losa hinn hættulega farm áður en tankarnir hafa verið hreinsaðir og/eða afgasaðir.

Starfsþjálfun.

3. gr.

Nám sem ökumaður þarf að stunda til að fá vottorð um starfsþjálfun skal bæði vera bóklegt og verklegt og samþykkt af prófnefnd.

Þessi þjálfun hefur að meginmarkmiði að gera stjórnendum ökutækja grein fyrir hættunni sem fylgir flutningum með hættulegan farm og kenna þeim nauðsynleg grundvallaratriði til að draga sem verða má úr slysaheytu, og beri slys að höndum að þeir bregðist rétt við til að verja sjálfa sig og umhverfið og draga úr áhrifum slyssins.

Í þjálfuninni skal a.m.k. farið yfir það námsefni sem talið er upp í viðauka II. Náminu skal ljúka með prófi.

Vottorð um starfsþjálfun.

4. gr.

Ökumaður sem annast flutning á hættulegum farmi á vegum, sbr. 2. gr., skal hafa gilt vottorð um starfsþjálfun.

Heimilt er að framlengja gildistíma vottorðsins í fimm ár í senn þegar handhafi þess:

- a. hefur áður en gildistími vottorðsins rann út lokið endurmenntunarnámskeiði sem samþykkt er af prófnefnd og staðist próf, eða
- b. getur sannað fyrir prófnefnd að hann hafi verið samfelld við störf frá því að vottorð hans var gefið út eða síðast endurnýjað. Árstíðabundin stöðvun, frídagar og hlé, allt að sex mánuðum á tólf mánuðum, er heimil.

Prófnefnd.

5. gr.

Þriggja manna prófnefnd skal sjá um framkvæmd prófa og um undirbúning fyrir útgáfu og afgreiðslu vottorða um starfsþjálfun til handa stjórnendum ökutækja sem flytja hættulegan farm. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af dómsmálaráðuneytinu, einn af samgönguráðuneytinu og einn af félagsmálaráðuneytinu og er hann formaður nefndarinnar.

6. gr.

Hlutverk nefndar samkvæmt 5. gr. er að gera námskrá fyrir nám til undirbúnings þess að öðlast vottorð um starfsþjálfun og hafa yfirumsjón með námskeiðum samkvæmt 7. gr.

Framkvæmd.

7. gr.

Vinnueftirlit ríkisins annast framkvæmd námskeiða í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og gefur út vottorð um starfsþjálfun til þeirra sem lokið hafa prófi, undir yfirumsjón prófnefndar. Það sér um að útvega námsefni, innheimta námskeiðsgjöld og að greiða kostnað sem af námskeiðum og prófum hlýst.

Heimilt er atvinnurekendum, ökuskolum, félagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum eða öðrum sem hafa ökumenn í vinnu sem aka ökutæki sem flytur hættulegan farm að halda námskeið til að undirbúa þá sem öðlast vilja vottorð um starfsþjálfun. Sá aðili sem heldur námskeiðið skal greiða kostnað af prófi og útgáfu vottorðs um starfsþjálfun.

Sérstakt eftirlit á vegum.

8. gr.

Lögreglan skal hafa eftirlit með að stjórnandi ökutækis sem flytur hættulegan farm hafi meðferðis vottorð um starfsþjálfun. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með að fyrirtæki sem flytja hættulegan farm hafi í sinni þjónustu ökumenn með gild vottorð um starfsþjálfun.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 24. tölul. XIII. viðauka við EES samninginn (tilskipun 89/684/EBE), og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað þátt Vinnueftirlits ríkisins varðar og umhverfisráðuneytið hvað þátt Hollustuverndar ríkisins varðar, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem annast flutninga sem krefjast starfsþjálfunarvottorðs samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skulu hafa hlotið slíkt vottorð fyrir 30. júní 1995.

Prófnefnd er heimilt að veita stjórnanda ökutækis sem flytur hættulegan farm bráðabirgðavottorð um starfsþjálfun til tveggja ára án þess að hann hafi farið á námskeið eða gengist undir próf eins og mælt er fyrir um í 3. gr., enda leggi hann fram umsókn um slíkt vottorð innan 6 mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar og leggi fram sönnun þess að hann hafi a.m.k. síðustu fimm árin starfað sem stjórnandi slíks ökutækis. Til þess að fá vottorð um starfsþjálfun þarf hlutaðeigandi að hafa sótt námskeið og tekið próf skv. 3. gr.

Til 31. desember 1998 er prófnefnd heimilt, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, að undanþiggja frá þessari reglugerð að hluta eða í heild, yfir tveggja ára tímabil, í afskekktum byggðarlögum, sem unnt er að framlengja í önnur tvö ár, ökumenn ökutækja sem einungis annast innanlandsflutninga með varning sem skapar litla hættu (t.d. dísilolíu) eða er lítill mengunarvaldur vegna sérstakra eiginleika hans eða vegna þess að flutt er lítið magn.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Viðauki 1.

Hámarks magn sem flytja má á flutningatæki án vottorðs um starfsþjálfun
(byggt á spássiunr. 10011 í ADR-samningnum).

Flokkur	Undirflokkar/Efni	Magn kg
1 Sprengiefni	1, 3, 5-7, 9, 10, 12, 13, 15, 17-19, 21-23, 25, 27, 30-32, 34	50
	2, 4, 8, 11, 24, 48	5
	26, 29, 33	20
	35-37, 39-41, 43	500
	47	ótakmarkað
	48	20
2 Loftegundir	3 (ct) cýanógenklóríð	5
	3 (at) fosgen, 1 (at) flúor	50
	1(a) og (b), 2(a) og (b) Loftegundir undir þrýstingi	1000
	Önnur efni og tómar umbúðir undan: (at), (bt), (c) eða (ct) Eitraðar lofttegundir	333
3 Eldfimir vökvar	8, 12, 13 og efni undir (a) í 11 og 14-26 Eldfim, eitruð og ætandi efni	5
	Efni í (b) í 11 og 14-26 Eldfim, eitruð og ætandi efni (minna)	100
	1(a), 2(a) og (b), 3(b), 4(a) og (b), 5(a), 6(a), 6(b) og 7(b) Eldfim efni með blossamark < 21 °C t.d. bensín	333
	32(c) og 34(c) Eldfim efni með blossamark < 55 °C-100°C t.d. dísilolía	1000
	Önnur efni	500
4.1 Eldfim föst efni	1(b) og 2(c) Gúmmíafgangar, eldspýtur	ótakmarkað
	6(c) og 11(c) Naftalen, fosfór, brennisteinn o.fl.	333
	21-36 Sprengiefni í ósprengifimu ástandi t.d. í vatnslausn	5
	Önnur efni	50
4.2 Efni með hættu á sjálfstíkveikju	1(c) Kol, sót, virk kol	ótakmarkað
	Undir (b)	333
	Undir (c)	1000
4.3 Efni sem mynda eldfimar loftegundir með vatni	11(a), 13(a), 14(a) og 16(a)-18(a) Alkalímálmar, ýmis málmduft og karbíð (ekki kalsíumkarbíð)	5
	11(b)-17(b) Jarðalkalímálmar, minna hvarfgjörn málmduft, kalsíumkarbíð	333
	11(c)-15(c) Ýmis málmsambönd t.d. FeSi	1000

Flokkur	Undirflokkar/Efni	Magn kg
5.1 Eldnærandi efni	Efni undir (a)	50
	Efni undir (b)	100
	Efni undir (c)	500
	5 Halógeneruð flúorsambönd	20
5.2 Lífræn peroxíð	5, 6, 15, 16	20
	7-10, 17-20	50
6 Eiturefni	Efni undir (c)	100
	Efni undir (b)	50
	Önnur efni (að undanteknum 1 og 2)	20
7 Geislavirk efni	Sérstaklega gert grein fyrir í nr. 2704	Ótakmarkað
8 Ætandi efni	1(a), 2(a), 6, 8(b), 21(a), 22(b), 24, 25, 26(a), 36(a), 37(a), 44(a), 53(a) Sterk ætandi efni t.d. bróm, hýdrasín, óleum, saltpéturssýra, brennisteinssýra, flússýra	20
	21(b), 26(b), 33(b), 36(b), 37(b), 44(b), 52(c), 53(c), önnur efni undir (a) og (b) Ætandi efni	100
	Önnur efni	500
9 Ýmis hættuleg efni	Lítíumraflöður, blátt og brúnt asbest	50
	Hvítt asbest, björgunarbúnaður	100
1,2 (aðeins undir (a) og (b), 3, 4.1, 4.2, 4.3, 5.1, 5.2, 6.1, 8.9	Tómar umbúðir (þ.m.t. hylki, ekki tankar)	Ótakmarkað

Ath.

- * Miðað er við brúttóþyngd í öllum tilfellum nema þegar um 50 kg eða minna af sprengiefni er að ræða þá er miðað við nettóþyngd.
- * Ef fluttur er hættulegur farmur úr mismunandi flokkum skal samanlagt hlutfall af uppgefnum mörkum ekki vera stærri en 1.
- * Vísað er til ADR-samningsins varðandi nánari upplýsingar um einstaka flokka. Vinnuefirlit ríkisins getur gefið upplýsingar um hann.

Viðauki II.

Námskeiði til undirbúnings þess að öðlast vottorð um starfsþjálfun skal ljúka með prófi og skal próftaki a.m.k. kunna skil á eftirtöldu námsefni:

- a. almennum fyrirmælum um flutning á hættulegum farmi,
- b. helstu áhættuþáttum,
- c. forvörnum og öryggisráðstöfunum sem eiga við mismunandi tegundir áhættu,

- d. hvað gera skal þegar slys eða óhapp ber að höndum (hjálp í viðlögum, umferðaröryggi, grundvallarþekking á notkun varnarbúnaðar, o.s.frv.),
- e. hættumerkingum og viðvörðunarskiltum,
- f. hvað stjórnanda ökutækis ber eða ber ekki að gera þegar hættulegur farmur er fluttur,
- g. tilgangi og stjórnun tæknibúnaðar ökutækis sem notað er til að flytja hættulegan farm,
- h. banni við að blanda tilteknum efnum í farmi í sama ökutæki eða gámi,
- i. varúðarráðstöfunum sem huga ber að við fermingu og affermingu á hættulegum farmi og
- j. meðhöndlun og hleðslu pakka sem hættulegan farm.

Stjórnendur ökutækja sem flytja hættulegan farm í tönkum þurfa einnig, til að öðlast vottorð um starfsþjálfun, að kunna skil á akstursegingleikum ökutækis sem flytur tanka eða fargeyma, þar með talið hreyfingu farms.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skefilsstaðahreppi, Skarðshreppi, Sauðárkrókskaupstað, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi, Hofshreppi og Fljótahreppi, hér eftir kölluð samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði, er svo skipuð að í henni eiga sæti 25 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd eða framkvæmdanefnd hennar skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 7 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.